


ÁRSSKÝRSLA



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



2012

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

2012

Ársskýrsla

Velferðarsviðs
Reykjavíkurborgar

Efnisyfirlit

Ávarp sviðsstjóra	4
Director's Address	5
Hlutverk Velferðarsviðs	6
Skipurit Velferðarsviðs	7
Velferðarráð Reykjavíkurborgar	8
Barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar	9
Nýmæli 2012	10
Rannsóknir, úttektir og verkefni	12
Chief Innovations	16
Research, reviews and projects	18
Mannfjöldi í hverfum Reykjavíkurborgar	21
Þjónusta	24
Fjárhagsaðstoð	28
Átaksverkefni	34
Húsnæði	35
Ráðgjöf og sérfræðiþjónusta	47
Barnavernd Reykjavíkur	51
Starfsemi vegna barna og unglinga	57
Þjónusta við fólk í heimahúsum	62
Fjármál	73

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður: Hulda Dóra Styrmisdóttir

Hönnun og umbrot: Sigrún Eggertsdóttir

Ljósmyndir: (Loftmyndir) Sigrún Eggertsdóttir, annað er úr safni Reykjavíkurborgar

Ávarp sviðsstjóra

Árið 2012 var annasamt á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Ásamt því að veita þúsundum Reykvíkinga velferðarþjónustu dag hvern, s.s. félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsnæðisaðstoð, stuðningsþjónustu, heimaþjónustu, matarþjónustu og margvíslega aðra þjónustu hélt þróun sértækrar þjónustu við fatlaða íbúa borgarinnar áfram af miklum metnaði ásamt samþættingu málaflokks fatlaðs fólks við aðra félagslega þjónustu.

Á árinu voru notendur velferðarþjónustunnar í Reykjavík 19.757 og fjárhagsrammi var 11,5 milljarðar. Starfsstaðir sviðsins eru nú 120 þar af 72 sem veita sólarhringsþjónustu. Starfsmenn sviðsins voru 2.338 í 1.367 stöðugildum.

Íbúum borgarinnar sem eru í þörf fyrir félagsþjónustu hefur fjölgað verulega síðustu ár vegna erfiðleika í samfélaginu, sér í lagi þeim sem eru í þörf fyrir félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og húsnæðisaðstoð. Um leið og notendum þjónustunnar hefur fjölgað hefur fjárhagslegt svigrúm í rekstri sviðsins verið þrengra. Því hefur reynst nauðsynlegt að forgangsraða og hugsa upp nýjar leiðir í veitingu þjónustunnar þannig að hún styðji sem best við þarfir íbúa borgarinnar á hverjum tíma.

Á árinu lagði Velferðarsvið áherslu á að vinna út frá megin markmiðum velferðarráðs sem m.a. voru að snúa við þróun í fjölda þeirra sem fá fjárhagsaðstoð og styðja fólk til að viðhalda virkni sinni, komast á vinnumarkaðinn að nýju eða í nám. Áfram voru þróuð virkniverkefni og virkniúrræði fyrir fólk án atvinnu. Atvinnutorg fyrir unga atvinnuleitendur á aldrinum 16-25 ára var formlega opnað á árinu. Torgið þjónustar ungt fólk í atvinnuleit sem fær aðstoð og þjónustu óháð rétti sínum til atvinnuleysisbóta. Verkefnið er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytisins og Vinnumálastofnunar en ungmennum er vísað á Atvinnutorgið af ráðgjöfum þjónustumiðstöðva borgarinnar og ráðgjafa Vinnumálastofnunar. Árangur Atvinnutorgsins getur ekki annað en talist góður en af 226 einstaklingum sem vísað var á torgið á árinu fengu 95 einstaklingar tilboð um atvinnu og aðrir 13 fóru í nám.

Velferðarráð lagði einnig áherslu á þjónustu við börnin í borginni. Hvert barn er ómetanlega dýrmætt og einstakt og því er mikilvægt að styðja við uppeldisumhverfi barna eins og kostur er. Sviðið lagði því áherslu á fyrirbyggjandi stuðning við foreldra og börn, s.s. forvarnir með endurskoðun á forvarnarstefnu borgarinnar, fræðslu í formi foreldranámskeiða til að efla og styðja fólk í foreldrahlutverkinu og öflugri stuðningsþjónustu við börn og ungmenni.

Áhersla velferðarráðs var einnig sú að þjóna vel þeim sem af einhverjum ástæðum væru utangarðs í borginni, að þjónusta sviðsins væri þróuð í samráði og með notendum þjónustunnar og að þjónustan væri ávallt veitt af kærleika og hvatningu. Þessar áherslur voru hafðar að leiðarljósi í allri starfsemi Velferðarsviðs á árinu.



Á árinu veitti velferðarráð í fyrsta sinn hvatningarverðlaun ráðsins. Margir starfsmenn Velferðarsviðs og starfseiningar verðskulduðu hvatningarverðlaun fyrir vel unnin störf, því var vandasamt að velja. Fyrir valinu urðu einstaklingar, starfsstaðir og hópar sem þóttu hafa verið fremstir meðal jafningja á árinu.

Hvatningin vekur athygli á því gróskumikla og faglega starfi sem unnið er í velferðarmálum Reykjavíkurborgar. Ég vil nota tækifærið og þakka velferðarráði fyrir hvatningarverðlaunin sem eru í senn viðurkenning og hvatning til okkar allra sem störfum við velferðarþjónustuna í borginni um að gera enn betur og sofna aldrei á verðinum.

Velferðarþjónusta Reykjavíkurborgar þarf að vera í stöðugri þróun og mótun svo hægt sé að mæta síbreytilegum þörfum samtímans. Vaxandi áhersla er lögð á samstarf og samráð við notendur þjónustunnar og verður haldið áfram að þróa öflugt notendasamráð á næstu misserum.

Starfsfólk Velferðarsviðs vinnur afar óeigingjarnt starf á hverjum degi við að veita íbúum borgarinnar margvíslega velferðarþjónustu sem veitt er af virðingu, alúð og metnaði. Viðhorfskönnun borgarinnar meðal starfsfólks sviðsins sýnir að starfsfólk er almennt ánæggt í starfi þrátt fyrir að upplifa verulega aukið álag. Slíkt þarf að taka alvarlega og huga vel að leiðum til að styðja enn betur við starfsfólk sviðsins. Starfsfólk Velferðarsviðs á þakkir skyldar fyrir vel unnin störf.

Stella K. Víðisdóttir

Sviðsstjóri Velferðarsviðs

Director's Address

2012 was a busy year in the Reykjavik Department of Welfare. As well as providing daily welfare services to thousands of Reykjavik citizens, such as social counselling, financial aid, housing assistance, supportive services, home care services, meal services and various other services, the development of specialized services to disabled residents continued along with the integration of the affairs of persons with disabilities into other social services.

During the year, there were 19,757 users of Reykjavik's welfare services, and the budget was 11.5 billion ISK. The work units of the Department are now 120, of which 72 provide services around the clock. The employees of the Department were 2338 in about 1367 full-time positions.

The number of city residents in need of social services has increased considerably over the last years, as a result of economic difficulties, particularly among those who are in need of social counselling, financial aid and housing assistance. At the same time that the number of users of the services has grown, there has been less financial leeway in running the Department. As a consequence, it has proved necessary to prioritize, and devise new methods for providing the services, in such a way that they may best serve the needs of the inhabitants of the city.

During the year, the Department of Welfare worked in accordance with the main objectives of the welfare committee, which, among other things included reversing the trend of increase in the number of those who receive financial aid, and helping people to stay active, re-enter the job market, or go to school. There was continued development of participation projects and means of participation for unemployed people. A Job Centre for young job seekers, aged 16-25, was formally opened this year. The Job Centre serves young people seeking jobs, who receive assistance and service, irrespective of their unemployment benefit rights. This project is a collaborative effort of the city of Reykjavik, the Ministry of Welfare and the Directorate of Labour, but young people are referred to the Job Centre by the consultants of the city's service centres and the job-advisors of the Directorate of Labour. The results achieved by the Job Centre must be seen as good since out of 226 individuals referred to the Job Centre, during the year, 95 individuals received job offers, and 13 more went to school.

In addition, the welfare committee laid emphasis on services to the children in the city. Each child is inestimably precious and unique and it is, therefore, important to provide support for children. The Department accordingly gave prominence to preventive support for parents and children, e.g. by revising the city's prevention policies offering parenting education through

classes to stimulate and assist people in their parental roles, and intensive supportive services to children and youths.

The welfare committee also placed emphasis on serving those people well who, for some reason, find themselves homeless in the city, that the services of the Department are developed in consensus and mutual effort with the users of the service, and that the services should always be given with love and encouragement. These focal points were used as guidance in all the work of the Department of Welfare throughout the year.

This year, the welfare committee granted its incentive awards for the first time. Many employees and work units of the Department of Welfare deserved incentive awards for job well done, so it was difficult to choose among them. Those who were chosen were individuals, work places and groups considered to have been first among equals during the year.

The awards point to the energetic and competent work that is being performed concerning welfare in the city of Reykjavik. I want to use this opportunity to thank the welfare committee for the awards which simultaneously spell recognition and incentive to all of us who work in the welfare service of the city to do even better and to never let our guard down.

Reykjavik's welfare service needs constant development and adjustment to make it possible to answer ever changing needs. There is growing emphasis on cooperation and consensus with the users of the service and the development of effective collaboration with the users will continue through the next few years.

The staff of the Department of Welfare is engaged in altruistic work every day, offering the inhabitants of the city various welfare services that are provided in a spirit of respect, care and ambition. An employee attitude survey conducted in the Department shows that the staff is generally happy with their jobs despite experiencing significantly greater levels of job strain. Such results need to be taken seriously and careful thought must be given to ways to support the staff of the Department even better. The employees of the Department of Welfare deserve gratitude for job well done.

Stella K. Viðisdóttir

Director of the Department of Welfare



Hlutverk Velferðarsviðs


Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar, þ.m.t. félagsþjónustu, þjónustu við fatlað fólk og barnavernd. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, samþætting velferðarþjónustu, eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og leiða og loks gerð þjónustusamninga við þriðja aðila um framkvæmd þjónustu. Velferðarsvið vinnur með velferðarráði og barnaverndarnefnd.

Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar, hjá

Barnavernd Reykjavíkur og hjá Heimaþjónustu Reykjavíkur. Þjónustumiðstöðvar eru sex og sinna þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, félagsráðgjöf, sálfræðiþjónustu, sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, frístundaráðgjöf og almennri upplýsingagjöf um starfsemi og þjónustu Reykjavíkurborgar. Á þjónustumiðstöðvum fer fram þverfaglegt samstarf þar sem lögð er áhersla á samþætta nærþjónustu. Þær bera jafnframt ábyrgð á framkvæmd forvarnastefnu borgarinnar, samþættingu margvíslegrar þjónustu og vinnu með hverfaráðum. Velferðarsvið sér einnig um rekstur hjúkrunarheimila, húsnæðisúrræða og átaksverkefna á sviði endurhæfingar og sviðið ber ábyrgð á heildstæðu forvarnastarfi í Reykjavík.

Skipurit

í lok árs 2012



Velferðarráð Reykjavíkurborgar

Á árinu 2012 hélt velferðarráð 24 fundi.

Í velferðarráði sátu eftirtaldir fulltrúar:

Björk Vilhelmsdóttir formaður
Heiða Kristín Helgadóttir
Diljá Ámundadóttir
Bjarni Karlsson
Áslaug María Friðriksdóttir
Geir Sveinsson
Þorleifur Gunnlaugsson

Breytingar á skipan fulltrúa:

Páll Hjalti Hjaltason tók sæti Diljár Ámundadóttur 16. ágúst
Sverrir Bollason tók sæti Bjarna Karlssonar 16. ágúst
Jórunn Frímannsdóttir tók sæti Geirs Sveinssonar 4. september

Varamenn:

Bjarnveig Magnúsdóttir
Haukur Jóhannsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Lárus R. Haraldsson
Jórunn Frímannsdóttir
Sveinn Hlífar Skúlason
Elín Sigurðardóttir


Breytingar á skipan varamanna:

Ingibjörg Óðinsdóttir tók sæti Jórunnar Frímannsdóttur 4. september

Starfsmenn Velferðarsviðs sem sátu fundi:

Stella K. Víðisdóttir sviðsstjóri
Elly A. Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri
Hulda Dóra Styrmisdóttir skrifstofustjóri
Helga Jóna Benediktsdóttir lögfræðingur
Hörður Hilmarsson skrifstofustjóri

Auk ofantalinnar sitja framkvæmdastjórar
þjónustumiðstöðvanna fundi til skiptis og inn á fundi koma
sérfræðingar sviðsins með kynningar á verkefnum.



Barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar

Á árinu 2012 hélt barnaverndarnefnd 24 fundi. Að auki var haldinn einn sameiginlegur fundur velferðarráðs og barnaverndarnefndar.

Í barnaverndarnefnd sátu eftirtaldir fulltrúar:

Sandra Hlíf Ocares formaður
Andri Óttarsson
Kolbrún Baldursdóttir
Þórir Hrafn Gunnarsson
Guðrún Ögmundsdóttir

Varamenn:

Svanhvít Axelsdóttir
Katrín Helga Hallgrímsdóttir
Guðni Kristinsson

Starfsmenn Velferðarsviðs sem sátu fundi:

Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur sat fundi nefndarinnar auk lögfræðings Barnaverndar Reykjavíkur og ritara.

Verkaskipting milli velferðarráðs Reykjavíkurborgar og barnaverndarnefndar Reykjavíkur vegna málefna barna.


Fyrir liggja samþykktir fyrir velferðarráð Reykjavíkurborgar frá 7. júní 2005 og barnaverndarnefnd Reykjavíkur frá 20. desember 2005. Barnaverndarnefnd markar stefnu og gerir framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar að höfðu samráði við velferðarráð. Reglur um verkaskiptingu milli velferðarráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur voru samþykktar árið 2004, samkvæmt heimild barnaverndarlaga nr. 80/2002 og heimild laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Verkaskiptingin er eftirfarandi:

Velferðarráð Reykjavíkurborgar:

- Stefnumótun og uppbygging úrræða
- Rannsóknir og kannanir
- Almennt eftirlit með aðbúnaði og vinnu barna

Barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar:

- Eftirlit með aðbúnaði, hátterni og uppeldisskilyrðum barna
- Tekur við barnaverndartilkynningum, annast og ber ábyrgð á málsmeðferð og beitir viðeigandi úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum
- Eftirlit með heimilum og stofnunum
- Önnur verkefni sem barnaverndarnefndum eru falin lögum samkvæmt hverju sinni





Þróun dagþjónustu

Hafist var handa við þróunarvinnu vegna dagþjónustu við fatlað fólk. Í mars var ráðinn nýr forstöðumaður fyrir bæði dagþjónustuúrræði Reykjavíkurborgar að Gylfaflöt og lðjubergi. Skipaður var starfshópur sem skilaði tillögum um virkni-, verkefna- og vinnumiðaða stoðþjónustu. Áhersla verður lögð á að einstaklingar sem sækja þjónustu geti sótt verkefni á báðum stöðum og starfsfólk fari á milli eins og kostur gefst. Tillögur starfshópsins voru unnar í samvinnu við notendur þjónustunnar hagsmunasamtök, starfsmenn og hverfistjóra Breiðholts.

Búseta fyrir tvígreinda einstaklinga

Í febrúar opnaði Velferðarsvið nýjan búsetukjarna fyrir geðfatlaða. Um er að ræða sértækt húsnæðisúrræði fyrir tvígreinda einstaklinga, þ.e.a.s. geðfatlaða einstaklinga með langvarandi sögu um vímuefnavanda, sem sýnt er að geti ekki unnið í virku bataferli, nýtt sér meðferðarúrræði eða önnur þjónustuúrræði og eru í virkri neyslu. Ekki er gerð krafa um að íbúar haldi sig frá neyslu áfengis eða annarra vímuefna í búsetuúrræðinu. Takmark þjónustuúrræðisins er að auka lífsgæði íbúa og takmarka þann skaða sem lífshættir þeirra geta valdið. Unnið er eftir VSL aðferðafræði (virkjum, styðjum og leysum) og hafa allir íbúar einstaklingsáætlanir sem unnið er markvisst eftir.

Sjálfstæð búseta geðfatlaðra

Í byrjun ársins var samþykkt að festa kaup á 32 íbúðum fyrir geðfatlaða einstaklinga sem metið var að gætu

flutt úr sértækum húsnæðisúrræðum í sjálfstæðara búsetuform. Áhersla er lögð á að íbúðir séu í göngufæri frá núverandi búsetukjörnum sem veita umræddum íbúum samþætta og heildstæða þjónustu. Með þessu móti er komið til móts við kröfur íbúa um sjálfstætt líf og aukin lífsgæði á sama tíma og verið er að bjóða áfram skilvirka þjónustukeðju fyrir geðfatlaða. Um er að ræða áfangaskipta þriggja ára áætlun sem Félagsbústaðir vinna eftir í samvinnu við Velferðarsvið.

Atvinnutorg

Atvinnutorg í Reykjavík var stofnað 17. febrúar 2012 sem samstarfsverkefni Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Vinnumálastofnunar og velferðarráðuneytis. Markmið Atvinnutorgs er að auka virkni ungra atvinnuleitenda á aldrinum 16-25 ára sem búsettir eru í Reykjavík. Sérstök áhersla er lögð á þann hóp ungs fólks sem ekki hefur bótarétt en úrræðið nýtist einnig þeim sem eru að klára bótarétt sinn hjá Vinnumálastofnun og þurfa meiri stuðning í atvinnuleitinni. Atvinnutorg á að auka samstarf og samfellu í þjónustu Vinnumálastofnunar og Reykjavíkurborgar við ungt fólk án tillits til réttinda þess innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða nálgun við notendur og er starfshópurinn þverfaglegur en þar vinna m.a. áfengis- og fíkniráðgjafi, félagsráðgjafi, náms- og starfsráðgjafi og sálfræðingar. Að öllu jöfnu mæta ungmenni 3-5

sinnum í viku á Atvinnutorg þar sem þau fá einstaklingsmiðaðan stuðning, ráðgjöf og fræðslu sem atvinnuráðgjafar sjá um. Hagnýt fræðsla hefur til að



mynda verið um laun og skatta, hlutverk stéttarfélaga og lífeyrissjóða, mikilvægi vinnu fyrir heilsuna, skólakerfið á Íslandi, sjálfsefingu og sjálfstraust auk námskeiða í atvinnuviðtalstækni og framkomu á vinnustað. Áhersla er lögð á að fræðslan sé gagnvirk og notendur taki virkan þátt í umræðu. Misjafnt er hve lengi einstaklingar mæta daglega áður en þeir fara á vinnumarkað og fer það eftir stöðu hvers og eins. Sumir eru vinnufærir við komu á Atvinnutorg og sækja um almenn störf með stuðningi og hvatningu atvinnuráðgjafa meðan aðrir þurfa meiri stuðning s.s. starfsþjálfun og tímabundna ráðningu. Starfsþjálfun felur í sér að Reykjavíkurborg og einkafyrirtæki bjóða umsækjendum til sín í þjálfun í einn til þrjá mánuði, tvo til fimm daga vikunnar (mögulega hluta úr degi) allt eftir aðstæðum hverju sinni og samkomulagi þar um. Tímabundin ráðning felur í sér að Reykjavíkurborg og einkafyrirtæki ráða umsækjendur í 6 mánuði í 50% - 100% starf með styrk frá Atvinnutorgi. Á árinu 2012 nutu 226 ungmenni þjónustu Atvinnutorgs.

Brú á milli þjónustuúrræða

Úrræði til stuðnings einstaklingum og fjölskyldum eru í meginatriðum tímabundin þjónusta. Í þeim tilvikum þar sem um langvarandi erfiðleika barna og fjölskyldna er að ræða er lagt til að önnur þjónustuúrræði taki við þegar skammtímaúrræðum lýkur. Í átaksverkefnum í stuðningsþjónustunni í þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis hefur verið unnið að því að finna leiðir til að brúa bil á milli skammtíma þjónustuúrræða og annarra úrræða sem talið er að notendur þurfi á að halda. Dæmi

um þróunarverkefni sem unnin hafa verið undanfarin ár eru Átak (vegna skólasóknar og ástundunar í námi) og verkefni sem var sett upp með það að markmiði að stuðla að aukinni virkni, velferð og vellíðan einstaklinga (VVV). Unnið er að því að yfirfæra það sem áunnist hefur í þessum verkefnum yfir á alla stuðningsþjónustu sem veitt er í þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.

ADHD félagsfærninámskeið fyrir 9-11 ára

Á þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts var á síðasta ári þróað ADHD félagsfærninámskeið fyrir 9-11 ára börn. Stuðst er við aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar þar sem markmiðið er að bæta samskiptafærni og sjálfsstjórn og ýta þannig undir félagsþroska og auka sjálfstraust í samskiptum. Námskeiðið er í átta vikur, eina klukkustund í senn.

Brottfall úr skólum og þarfir 16-18 ára ungmenna

Haustið 2011 hófu náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri sem fenginn var í gegnum Vinnandi veg að skoða málefni nemenda í brotthvarfshættu og þróa úrræði sem mæta þörfum barna og ungmenna í Árbæ og Grafarholti sem ljóst þykir að munu eiga erfitt uppdráttar í framhaldsskóla. Jafnframt var unnið að því að þróa hugmyndir og úrræði sem koma betur til móts við þarfir 16-18 ára ungmenna sem stunda hvorki nám né vinnu, í ljósi breyttra tíma og aðstæðna í samfélaginu. Verkefnið er samstarf margra ólíkra aðila s.s. náms- og starfsráðgjafa í þremur framhaldsskólum borgarinnar, fjórum grunnskólum hverfisins og Frístundamiðstöðvarinnar Ársels auk þjónustumiðstöðvarinnar í Árbæ og Grafarholti.



Rannsóknir, úttektir og verkefni

Rannsókn á líðan fólks með skerta starfsgetu

Rannsókn var gerð á líðan fólks með skerta starfsgetu og sem nýtur framfærslu hjá Reykjavíkurborg, sumarið 2012, með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Mikil fjölgun hefur orðið á notendum sem fá fjárhagsaðstoð sér til framfærslu vegna skertrar starfsgetu á síðustu árum og því nauðsynlegt að kortleggja þarfir hópsins og finna leiðir til að veita þann stuðning sem þarf svo að notendur geti séð sér farborða með öðrum hætti og aukið þannig lífsgæði sín. Alls voru 339 manns beðnir um að taka þátt í rannsókninni en aðeins 71 notandi mætti í viðtal þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, 28 afþökkuðu þátttöku, 22 mættu ekki í bókað viðtal og 218 manns var ekki hægt að ná í. Heildarsvörun í rannsókninni var aðeins 21% sem telst mjög dræm svörun og því ber að túlka niðurstöður með fyrirvara. Samkvæmt svörum þátttakenda er slæm andleg heilsa og áfengis- og vímuefnavandi helsta hindrun þeirra sem tóku þátt í rannsókninni. Samkvæmt MINI geðgreiningarviðtali kom í ljós að 83% þátttakenda

fengu einhverja greiningu og aðeins 17% fengu enga greiningu. Það er því mikill fjöldi þátttakenda sem glímir við alvarlegan vanda.

Kortlagning á fjölda og högum utangarðsfólks

Niðurstöður á kortlagningu á fjölda og högum þeirra sem töldust utangarðs og/eða heimilislausir í Reykjavík vorið 2012 sýndu að alls voru 179 einstaklingar, sem féllu undir skilgreiningu um heimilislausu, af þeim sem sóttu þjónustu í mars, apríl og maí 2012 hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar, Rauða Kross Íslands Reykjavíkurdeild, Samhjálp, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Fangelismálastofnun Ríkisins. SÁÁ og Landspítali háskólasjúkrahús sáu sér ekki fært að taka þátt í rannsókninni að þessu sinni. Karlar voru í meirihluta eða 112 (62,6%), konur voru 64 (35,8%). Kyn þriggja einstaklinga í könnuninni kom ekki fram. Flestir voru á aldrinum 21-30 ára eða 24% og 22,3% voru á aldrinum 51-60 ára. Dreifing á aldrinum 31-40



og 41-50 var nokkuð jöfn eða 20,1% og 19,6%. Yngsti einstaklingurinn var 18 ára og sá elsti 75 ára. Flestir áttu uppruna sinn á Íslandi eða 89,4%, pólskir ríkisborgarar voru 6,7% og aðrir um 4%. Af þeim sem voru af erlendum uppruna var einn frá Danmörku, einn frá Bretlandi, tveir frá Lettlandi, einn frá Litháen, tólf frá Póllandi og einn frá Portúgal eða samtals 18 einstaklingar. Áfengisvandi (62,6%) og annar vímuefnavandi (61,5%) var talin helsta orsök þess að viðkomandi einstaklingar voru utangarðs og/eða heimilislausir bæði meðal kvenna og karla. Þar á eftir voru geðræn vandamál (31,3%). Fjölmargir aðrir þættir höfðu áhrif en í mun minna hlutfalli.

Viðtalsrannsókn meðal utangarðsfólks

Viðtalsrannsókn var gerð meðal utangarðsfólks. Rætt var við 18 einstaklinga, 10 karlmenn og 8 konur á aldrinum 21-70 ára sem öll sögðust vera húsnæðislaus á þeim tíma sem rannsóknin var gerð. Flest, eða helmingur þátttakenda, höfðu verið húsnæðislaus í eitt til þrjú ár. Tíu þátttakendur höfðu nýtt sér

þjónustu Gistiskýlisins eða allir karlkyns þátttakendur rannsóknarinnar og þar af sjö á síðastliðnum mánuði. Aðeins fjórir þátttakendur tóku afstöðu til viðhorfs sem þeir upplifðu gagnvart sér í Gistiskýlinu, þrír sögðu það gott eða ágætt og einn misjafnt eftir starfsmönnum. Sjö konur höfðu nýtt sér þjónustu Konukots eða allar nema ein sem þátt tóku í rannsókninni og þar af sex í síðastliðnum mánuði. Sex kvennanna tóku afstöðu til viðhorfs sem þær upplifðu gagnvart sér í Konukoti og sögðu allar það gott eða oftast gott. Allir nema einn af þátttakendum rannsóknarinnar höfðu nýtt sér þjónustu Dagseturs og tóku allir afstöðu til viðhorfs sem þeir upplifðu gagnvart sér í Dagsetrinu og flestir eða tólf sögðu það gott eða mjög gott. Þrettán þátttakendur höfðu nýtt sér þjónustu Borgarvarða og þar af sögðust ellefu þátttakendur hafa upplifað mjög gott eða gott viðhorf í sinn garð hjá Borgarvörðum. Þrettán þátttakendur höfðu einnig nýtt sér þjónustu Kaffistofu Samhjálpar en þó aðeins sex á síðastliðnum mánuði. Af þeim sex sem afstöðu tóku til viðhorfs sem þeir upplifðu gagnvart sér á Kaffistofunni sögðu fimm það hafa verið

jákvætt og einn sæmilegt. Tíu þátttakendur höfðu nýtt sér þjónustumiðstöðvar borgarinnar og þar af fimm í síðastliðnum mánuði. Átta tóku afstöðu til viðhorfsins sem þeir upplifðu gagnvart sér og þar af höfðu fimm upplifað neikvætt viðhorf. Tíu þátttakendur höfðu nýtt sér heilbrigðisþjónustu í síðastliðnum mánuði og þar af sögðust átta hafa mætt neikvæðu viðhorfi gagnvart sér. Fimm þátttakendur höfðu nýtt sér þjónustu Frú Ragnheiðar og þar af höfðu fjórir nýtt sér þjónustuna í síðastliðnum mánuði. Allir sögðust hafa upplifað jákvætt viðhorf í sinn garð. Allir þátttakendur nema tveir töldu að einhverja tiltekna þjónustu vantaði og nefndu flestir einhverskonar húsnæði þar sem hægt væri að hafast við allan sólarhringinn.

Upplifun ungs fólks á fjárhagsaðstoð

„Persónuleg þjónusta, það er góð þjónusta“
Rýnihóparannsókn var gerð á upplifun fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð til framfærslu í Reykjavík. Skoðaðir voru tveir aldursskiptir hópar (18 til 25 ára og 26 ára og eldri). Að mati þátttakenda í yngri hópnum þyrfti að gera notendum kleift að nýta tölvur meira við umsóknarferlið. Slíkt myndi stytta þann tíma sem fer í að útvega ýmis skjöl og koma í veg fyrir að notendur þurfi að deila erfðri reynslu með ókunnugum. Yngstu þátttakendurnir kölluðu eftir aukinni upplýsingagjöf um þær reglur sem gilda um fjárhagsaðstoð. Að mati viðmælenda er nauðsynlegt að bæta aðgengi að upplýsingum á vefnum. Þátttakendur sem höfðu gert samning um félagslega ráðgjöf lýstu yfir ánægju með regluleg samskipti við félagsráðgjafa. Viðmælendur sem áttu í stopulur samskiptum við félagsráðgjafa kölluðu eftir því að fá að hitta ráðgjafa í ríkara mæli. Bent var á að unnt væri að veita persónulegri ráðgjöf með því að færa þjónustu félagsráðgjafa meira út til fólksins sem hana nýtir, t.d. með því að veita fólki ráðgjöf á þeirra eigin heimili. Að mati viðmælenda komu tíð starfsmannaskipti meðal ráðgjafa niður á aðstöðinni. Nefnt var að bjóða þyrfti upp á fleiri námskeið sem veita réttindi á borð við einingar til stúdentsprófs. Viðmælendur lýstu yfir ánægju með hlunnindi eins og bókasafns- og sundkort og óskuðu eftir því að notendur fjárhagsaðstoðar fengju að ferðast frítt með strætó.

Aðstæður reykvískra barnafjölskyldna

Í könnun á aðstæðum reykvískra barnafjölskyldna kemur m.a. fram að foreldrar sem fá fjárhagsaðstoð eru í meirihluta ungar, einhleypar konur og algengt er að þær hafi einungis grunnskólapróf. Aftur á móti er meirihluti reykvískra foreldra í launaðri vinnu með háskólapróf. Reykvískir foreldrar í launaðri vinnu hitta vini og ættingja sjaldnar en foreldrar sem fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og foreldrar á atvinnuleysisbótum. Ríflega fjórðungur reykvískra foreldra í launaðri vinnu ver 51 þúsund krónum á önn eða meira í íþrótt- og tómstundastarf barns síns. Einungis 9% foreldra sem fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verja svo háum fjárhæðum í íþróttir og tómstundir barnsins. Hlutfall reykvískra foreldra sem fá aðstoð ættingja og vina við að greiða fyrir íþrótt- og tómstundastarf barns síns er hæst meðal foreldra sem fá fjárhagsaðstoð, næst hæst meðal foreldra á atvinnuleysisbótum en lægst meðal foreldra í launaðri vinnu. Ýmislegt bendir til að samvera foreldra og barna sé meiri í fjölskyldum þar sem forsjáraðili fær fjárhagsaðstoð eða atvinnuleysisbætur en í fjölskyldum þar sem a.m.k. annað foreldrið er í launaðri vinnu. Þannig fara reykvískir foreldrar sem fá fjárhagsaðstoð eða atvinnuleysisbætur oftar í gönguferðir eða stunda útivist með börnum sínum og eiga oftar notalega stund heima með börnunum, en foreldrar í launaðri vinnu. Foreldrar í launaðri vinnu eru líklegri til að fara með börn sín í ferðalag, bæði innanlands og utan, en foreldrar sem fá fjárhagsaðstoð eða atvinnuleysisbætur. Foreldrar í launaðri vinnu eru líklegri til að nota frístundakortið til að greiða fyrir íþrótt- og tómstundastarf barns síns en foreldrar á atvinnuleysisbótum og foreldrar sem fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.org.




Könnun í 10. bekk um framhaldsskólanám, frítíma og vellíðan

Á grundvelli ÁFRAM sem er samstarfsverkefni þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, Fjölbautarskólans við Ármúla, Háaleitisskóla, Laugarlækjarskóla og frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýrar um aukna ráðgjöf og stuðning við 15-18 ára ungmenni, var gerð könnun meðal allra nemenda í 10. bekk í Laugardal, Háaleiti og Bústöðum. Könnunin var unnin í samstarfi við Skóla- og frístundasvið og var liður í áframhaldandi þróun ÁFRAM verkefnisins. Svarhlutfallið var 84%. Niðurstöður sýndu að 98,2% nemenda stefndu á nám í framhaldsskóla. Meðal þátta sem nemendur töldu að mögulega gætu valdið þeim sérstökum erfiðleikum í framhaldsskóla var að þeir ættu erfitt með að vakna á morgnana, námsárangur þeirra í grunnskóla væri ekki nógu góður til að stunda það nám sem þá langaði til í framhaldsskóla eða þeir ættu við sérstaka námserfiðleika að stríða t.d. athyglisbrest eða lestrarerfiðleika. Af þeim sem tóku þátt nefndu 13% að kvíði, depurð og þunglyndi gætu valdið þeim sérstökum erfiðleikum og 7% nefndu að fjárhagur foreldra væri erfiður. Aðspurðir um þá þætti sem geta undirbúið nemendur betur fyrir nám í framhaldsskóla eða styrkt stöðu þeirra til frekara náms nefndu tveir þriðju að þeir vildu aukna fræðslu um námsbrautir í framhaldsskóla og margir vildu aukna starfsfræðslu. Að breyta um lífstíl, eins og að vakna og mæta á réttum tíma var einnig nokkuð sem hluti nemenda vildi fá aðstoð við.

Þátttaka í félagsstarfi

Spurningalistakönnun var gerð á meðal 366 þátttakenda í félagsstarfi á vegum Reykjavíkurborgar um viðhorf þeirra til félagsstarfsins. Af þeim sem svöruðu voru um 80% konur og 20% karlar. Flestir þátttakendur voru fæddir 1931-1940 eða 42,1% og 32,5% voru fæddir á árunum 1920-1930. Flestir (46,2%) þátttakendur sögðust mæta 2-3 sinnum í viku í félagsstarfið og nokkuð færri (34,2%) sögðust mæta 1 sinni í viku. Langflestir (79,2%) sögðu að félagsstarfið væri mjög áhugavert. Flestum fannst að þeir réðu ekki miklu eða alls engu um það hvað er á dagskrá í félagsstarfinu. Tæp 8% sögðu að félagsstarfið væri betra ef þeir fengju að ráða meira um hvað væri á dagskrá, 34,7% ef fleiri kæmu á þeirra aldri, 21% ef mismunandi aldurshópar kæmu, 18,9% ef verkefnin væru fjölbreyttari, 23,5% ef það væru fleiri starfsmenn og 1,6% ef það væru færri starfsmenn. Rúmlega 90% aðspurðra sögðu að þeim fyndist félagsstarfið gott vegna þess að það væri skemmtilegt að hitta annað fólk. 72,1% sögðu það gott vegna þess að verkefnin styttu þeim stundir og 54,9% töldu að þeir tengdust nærsamfélagi sínu betur. 10,9% töldu að þeir væru góðir í að aðstoða aðra þátttakendur. Miklum meirihluta (84%) þátttakenda fannst mikilvægt að það væri veitingasala í félagsstarfinu.





Chief Innovations

The development of day services

Development began on day services for people with disabilities. In March a new manager was hired for both of Reykjavik's day service projects; at Gylfaflöt and at lðjuberg. A working group was appointed which made proposals on support services concerning activities, projects and work. So at Ás, the non-profit organization which controls around 75% of all day service projects, there is emphasis on development based on activities and projects. Emphasis will be placed on enabling individuals using the services to attend projects in both places and that the staff moves back and forth between the two places as much as possible. The proposals of the working group were developed in collaboration with the users of the services, interest groups, employees and the Breiðholt district manager.

Housing for people with dual diagnosis

In February, the Department of Welfare opened a new centre of supportive housing for psychiatrically disabled individuals. This is a special housing solution for individuals with dual diagnosis, i.e. psychiatrically disabled individuals with a prolonged history of substance abuse problems, who are clearly unable to engage actively in a rehabilitation program, make use of treatment solutions or other services, and are actively using substances. There is no demand that the residents abstain from using alcohol or other substances while making use of the housing. The objective of this service is to increase the quality of life of the residents and minimize the damage that their way of life may cause. The work is based upon a method called ASL (Activate, Support, Liberate) and all the residents have individual programs that are being actively pursued.

Independent living for the psychiatrically disabled

At the beginning of the year, an agreement was made to buy 32 apartments for psychiatrically disabled individuals who are deemed capable of relocating from special housing solutions to a more independent way of living. There is emphasis on having the apartments within walking distance from the current housing centres, which offer the residents in question integrated and comprehensive services. In this way, the residents' demands for independent living conditions and increased quality of life are met, at the same time that work continues on an efficient chain of service. This is a three year plan in several stages that is being implemented by Reykjavik Social Housing (Félagsbústaðir) in collaboration with the Department of Welfare.

Job Centre

The Job Centre (Atvinnutorg) was established on February 17th 2012 as a collaborative effort of the Reykjavik Department of Welfare, the Directorate of Labour and the Ministry of Welfare. The purpose of the Job Centre is to increase activity among young job seekers, aged 16-25, and living in Reykjavik. Special emphasis is placed on that group of young people who do not have benefit rights, but this solution is also of use to those who are about to lose their rights to further unemployment benefits from the Directorate of Labour and need more support in their job search. The Job Centre is intended to increase cooperation and continuity in the services of the Directorate of Labour and the city of Reykjavik to young people, irrespective of their rights within the unemployment benefit system. There is emphasis on gearing the service toward individual users, and the work group is interdisciplinary, including e.g. an alcohol and drug consultant, a social worker, an education consultant and job advisor, and psychologists. Usually, youths attend the Job Centre 3-5 times a week, where they receive



support based on their individual needs, and counselling and instruction given by job advisors. There has for instance been practical information given about wages and taxes, the role of labour unions and pension funds, the importance of employment for personal health, the Icelandic school system, self-empowerment and confidence, besides courses in job interview techniques and workplace conduct. Emphasis is placed on keeping the learning interactive and that the users actively engage in discussions. It varies how long individuals attend daily classes before they enter the job market, based on their circumstances. Some people are ready for work when they come to the Job Centre and apply for general work with the assistance and encouragement of job advisors, while others need increased support such as job training and temporary employment. Job training entails that the city of Reykjavik and privately owned companies accept applicants for training for one to three months, two to five days a week (possibly part-time) depending on individual circumstances and mutual agreement. Temporary employment entails that the city of Reykjavik and privately owned companies hire applicants for half-time to full-time positions with employment subsidies coming from the Job Centre. 226 young persons received services from the Job Centre in the year 2012.

Bridging the gap between service resources

Resources to support individuals and families are basically a temporary service. In cases where children and families experience prolonged difficulties, it is suggested that other service resources are implemented when provisional resources come to an end. Work has been done in the support service in the Laugardalur - Háaleiti service centre to devise ways to bridge the gap between short term resources and other resources that the users are thought to need. Examples of development projects that have been set in motion during the last

years include a campaign concerning school attendance and commitment to learning, and a project that was started with the intention of increasing activity, welfare and well-being among individuals. Work is being done on transferring what has been accomplished in these projects to all the support services offered in the Laugardalur - Háaleiti service centre.

An ADHD social skills training project for 9-11 year olds

Last year, an ADHD social skills training project for 9-11 year olds was developed in the Árbær - Grafarholt service centre. A cognitive-behavioural approach is utilized with the aim of improving social skills and self-control and thereby enhancing social maturity and increasing confidence in social situations. This is an eight week course, each session lasting one hour.

School dropout and the needs of 16-18 year old youths

In the autumn of 2011, an education and job consultant and a project manager from the Vinnandi vegur wage subsidy program began investigating the situation of students at risk for dropping out of school, and developing resources to meet the needs of children and youths in the Árbær and Grafarholt district who are thought to be likely to have difficulties in upper secondary school. At the same time, work was being done on developing ideas and resources to better meet the needs of 16-18 year old youths who are neither studying nor working, as the times and conditions in society have changed. The project is a collaborative effort of many different parties, such as education and job consultants from three upper secondary schools in the city, four elementary schools in the district, the Ársel Leisure Centre, and the Árbær - Grafarholt service centre.

Research, reviews and projects

Research on the well-being of people with reduced capacity for work

With a grant from the Student Innovation Fund, research was conducted in the summer of 2012 on the health of people with reduced capacity for work, receiving financial aid from the city of Reykjavik. The number of users who depend on financial aid for their subsistence on account of reduced capacity for work has increased greatly in recent years and it is, therefore, necessary to map the needs of this group and devise ways to give the support needed so that the users can support themselves in some other way, and thereby raise their standard of living. A total of 339 people were asked to participate in the research, but only 71 of the users showed up for an interview despite repeated attempts, 28 declined participation, 22 did not show up for a booked interview, and 218 people could not be reached. The total response rate was only 21%, which is very low response rate, and the results should accordingly be interpreted with caution. According to the answers of the participants, poor mental health and alcohol and substance problems are the greatest obstructions that the participants face. According to the Mini International Neuropsychiatric Interview (M.I.N.I.) it was found that 83% of the participants met criteria for some disorder and only 17% did not meet criteria for any disorder. A great number of the participants thus face serious difficulties.

A mapping of the number of homeless people and their circumstances

The results of a mapping of the number and circumstances of those considered to be homeless people in Reykjavik in the spring of 2012 showed that a total of 179 people met the definition of homelessness, of those who received services in March, April and May 2012, from Reykjavik

city service centres, the Reykjavik division of the Icelandic Red Cross, Samhjálp (Christian charity organization), the Reykjavik city police, and the Icelandic Prison Service.

The SAA – National Center of Addiction Medicine and the Landspítali University Hospital in Reykjavik could not take part in the research this year. The majority were men (122 [62.6%]), while there were 64 women (35.8%). The sex of three individuals in the research was not disclosed. Most (24%) were 21-30 years old, and 22.3% were 51-60 years old. The numbers of people aged 31-40 and 41-50 were rather similar, 20.1% and 19.6%. The youngest individual was 18, while the oldest one was 75. Most (89.4%) were of Icelandic origin, Polish nationals were 6.7% and others around 4%. Of those of foreign origin, one was from Denmark, one from England, two from Latvia, one from Lithuania, twelve from Poland and one from Portugal, a total of 18 individuals. Alcohol problems (62.6%) and other substance problems (61.5%) were considered the main reasons why these individuals were homeless, both among the men and the women. Mental health problems were next in order of importance (31.3%). Numerous other factors had some effect but to a lesser degree.

Research interviews among homeless people

Research interviews were conducted among homeless people. Eighteen individuals were interviewed; ten men and eight women, aged 21-70, all of whom claimed to be homeless at the time of being interviewed, and most, or half of the participants, had been homeless for one to three years. All ten of the men had stayed at the Gistiskýli night shelter for homeless men, seven of them in the past month. Only four of them commented on what kind of treatment they felt they were getting from the staff in the shelter. Three said it was good or acceptable and one that it varied, depending on the employees. Seven of the

eight women had stayed at the Konukot night shelter for homeless women, six of them in the past month. Six of the women commented on what kind of treatment they felt they were getting from the staff of Konukot, and all of them said it was good or mainly good. All but one of the participants had stayed at the Dagsetur day shelter for homeless men and women and all of them commented on what kind of treatment they felt they were getting from the staff of Dagsetur, and most of them (12) said it was good or very good. Thirteen participants had received service from the Borgarverðir team of specialists who assist homeless people and eleven of them said they had been treated well or very well by them. Thirteen participants had also been served by the Kaffistofa (a soup kitchen) of Samhjálp, Christian charity organization, though only six of them during the past month. Of those six who commented on how they felt they had been treated by the staff of the Kaffistofa, five described it in positive terms and one said it was acceptable. Ten participants had used the city's service centres, five of them during the past month. Eight of them commented on the way they felt they were treated there, and five said they had met with a negative attitude. Ten participants had used health services during the past month and eight of them said they had met with a negative attitude. Five participants had used the Frú Ragnheiður service for intravenous drug users, four of them during the past month. All of them said they had met with a positive attitude. All the participants except two felt that some kind of service was missing. Most of them suggested some kind of shelter that would be open around the clock.

How young people experience financial aid

"Personal service is good service." Focus group interviews were conducted to determine how people in Reykjavik who receive financial aid for their subsistence experience the service. Two different age groups were used: 18-25 years and 26 and over. The participants in the younger group thought it should be made possible to use computers more in the application process. It would shorten the time needed to provide various documents and free the users from having to share difficult experiences with strangers. The youngest participants called for increased information concerning the rules and regulations governing financial aid. The interviewees think that it is necessary to facilitate access to information on the internet. Participants who had made a contract concerning social counselling expressed their pleasure with having regular contact with a social worker. Interviewees who only had sporadic contact with a social worker expressed a wish to see a consultant more often. It was pointed out that it would be possible to make counselling more personal by bringing it closer to the users, for instance by counselling people in their homes. The interviewees felt that frequent turnover among the

social workers was adversely affecting the service. Some people mentioned that it was necessary to give more courses that offer advantages like credits toward finishing upper secondary school. The interviewees expressed their satisfaction with perks like free library cards and swimming pool access cards and conveyed a wish that the users of financial aid would be given free access to the city bus system.

Circumstances of families with children in Reykjavik

A study of the circumstances of families with children in Reykjavik revealed, among other things, that the majority of parents receiving financial aid are young single women, who often have only completed primary education. Conversely, the majority of parents in Reykjavik have paid jobs and a college degree. Parents in Reykjavik who have a paid job meet their friends and relatives less often than parents who receive financial aid from Reykjavik city and parents getting unemployment benefits. Over 25% of parents with paid jobs in Reykjavik spend more than 51.000 ISK each term on sports and hobbies for their child. Only 9% of parents receiving financial aid from Reykjavik city spend that much money on sports and hobbies for their child. The proportion of parents in Reykjavik who get assistance from friends and relatives to pay for sports and hobbies for their child is highest among parents receiving financial aid, second highest among parents getting unemployment benefits, but lowest among parents with paid jobs. There are various indications that parents and children spend more time together in families where the parent(s) receive financial aid or unemployment benefits than in families where at least one of the parents has a paid job. Accordingly, parents in Reykjavik who receive financial aid or unemployment benefits more often take walks and pursue outdoor activities with their children and more often have a nice relaxing time at home with their children than parents with paid jobs. Parents with paid jobs are more likely to make use of a 25.000 ISK (per child) grant that the city offers to all parents to help pay for children's sports and hobbies (at clubs and organizations that have been officially recognized by the city), than parents getting unemployment benefits and parents receiving financial aid.

A study among 10th graders concerning secondary school, leisure time and well-being

